

## AÐALFUNDUR KRABBAMEINSFÉLAGS ÍSLANDS

### FUNDARGERÐ

Aðalfundur Krabbameinsfélags Íslands var haldinn laugardaginn 5. maí 2018 í húsi Krabbameinsfélags Íslands, Skógarhlíð 8, Reykjavík, kl. 13.15 – 15.35. Mættir voru 53 einstaklingar, þar af 34 með atkvæðisrétt frá 16 af 28 aðildarfélögum.

Valgerður Sigurðardóttir formaður Krabbameinsfélags Íslands (KÍ) setti fundinn og bauð gesti velkomna. Formaður lagði til að Guðmundur Pálsson vefstjóri Krabbameinsfélags Íslands yrði fundarstjóri og Gunnjóna Una Guðmundsdóttir félagsráðgjafi hjá Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélags Íslands fundarritari. Var það samþykkt.

#### 1. Skýrsla stjórnar fyrir síðastliðið starfsár.

Valgerður Sigurðardóttir, formaður, flutti skýrslu stjórnar Krabbameinsfélags Íslands. Skýrslan er birt í ársskýrslu Krabbameinsfélagsins fyrir árið 2017 en í máli formanns kom meðal annars fram að nýr framkvæmdastjóri, Halla Þorvaldsdóttir tók við sem framkvæmdastjóri félagsins 1. ágúst 2017. Formaður ræddi um breytingar á stjórn Krabbameinsfélagsins á árinu og sagði frá fjölgun starfsfólks til eflingar Ráðgjafarþjónustu og fræðsludeild félagsins. Formaður ræddi um uppfærslu á vef félagsins sem miðar að því að auka vægi fréttar af starfsemi félagsins og gera hann notendavænni. Söfnun Bleiku slaufunnar gekk vel og var tileinkuð Ráðgjafarþjónustunni en í Mottumars var sjónum beint að skaðsemi tóbaksnotkunar. Myndgreiningatæki til skimunar fyrir brjóstakrabbameinum voru endurnýjuð og uppfærð á árinu fyrir söfnunarfé Bleiku slaufunnar árið 2016. Tækjabúnaður Frumurannsóknarstofu KÍ var einnig endurnýjaður að verulegu leyti á árinu. Í desember 2017 var stofnað félag um starf Leitarstöðvar KÍ til að halda rekstri þess aðskildum og gera fjármálin gegnsærri. Reksturinn hefur ekki verið færður inn í félagið vegna skammtímasamnings um leitarstarfið. Formaður sagði frá fundi í Velferðarráðuneytinu í gær (4. maí) þar sem forsvarsmenn Krabbameinsfélagsins hafi lýst sig reiðubúna til að halda áfram leitarstarfi félagsins ef Velferðarráðuneytið óskar eftir því en engin ákveðin svör fengust frá ráðuneytinu. Velunnarar sem styðja starfsemi Krabbameinsfélagsins eru nú um fimmtán þúsund og heldur kynningar- og markaðsdeild KÍ utan um fjáröflun félagsins. Vinna við vef félagsins er stöðugt í gangi. Úthlutað verður úr Vísindasjóði Krabbameinsfélagsins 17. maí 2018. Um síðustu áramót skilaði Krabbameinsfélagið af sér formennsku fyrir Norræna krabbameinssambandið, en Ragnheiður Haraldsdóttir hafði verið þar í forsvari í þrjú ár. Að lokum kom fram í máli formanns að starfsemi félagsins væri blómleg, fjárhagur áfram góður og mörg spennandi verkefni framundan.

#### 2. Endurskoðaður reikningur félagsins lagður fram til samþykktar.

Helgi Björnsson, fjármálastjóri félagsins, lagði fram ársreikninga Krabbameinsfélagsins í fjarveru Jóns Þorkelssonar gjaldkera stjórnar KÍ. Félagið stendur vel fjárhagslega. Ársreikningarnir voru samþykktir með öllum greiddum atkvæðum.

#### 3. Skýrslur aðildarféлага

Skýrslur aðildarféлага eru allar aðgengilegar á vef félagsins <https://www.krabb.is/starfsemi/um-felagid/adalfundir/> og lagði fundarstjóri til að ekki yrði fjallað um skýrslur aðildarfélaganna sérstaklega á aðalfundinum, nema ef einhverjar fyrirspurnir væru, heldur myndi fólk kynna sér efni þeirra á netinu og var það samþykkt.

#### 4. Lagabreytingar

Engar breytingar á lögum félagsins lágu fyrir fundinum.

## 5. Stjórnarkjör

Tillaga uppstillingar- og kjörnefndar um aðalmenn í stjórn KÍ var borin upp: Jón Porkelsson, Kristín Halldórsdóttir og Þorsteinn Pálsson og var hún samþykkt. Tillaga uppstillingar- og kjörnefndar um tvo menn í varastjórn KÍ var borin upp: Sigríður Zoega og Ástrós Rut Sigurðardóttir og var hún einnig samþykkt.

## 6. Kosnir tveir endurskoðendur (skoðunarmenn) og einn til vara

Uppstillingarnefnd lagði til kjör endurskoðenda KÍ til eins árs. Aðalmenn verði Birna Guðmundsdóttir og Jón Auðunn Jónsson og til vara Ólafur Dýrmundsson. Tillagan var samþykkt.

## 7. Kosnir fimm menn í uppstillingarnefnd

Fyrir lágu framboð fimm manna í uppstillingarnefnd KÍ. Agnes Smáradóttir, Friðrik Vagn Guðjónsson, Guðrún Sigurjónsdóttir, Sigurður Jón Ólafsson og Kristín Sophusdóttir fengu kosningu með lófataki.

## 8. Önnur mál. Ályktanir aðalfundar Krabbameinsfélagsins

Formaður Krabbameinsfélags Íslands, Valgerður Sigurðardóttir og framkvæmdastjóri, Halla Þorvaldsdóttir, kynntu drög að ályktunum sem lágu fyrir aðalfundi Krabbameinsfélagsins. Fimm eftirfarandi ályktanir voru bornar upp, ræddar og samþykktar:

### **Tryggt aðgengi að sérhæfðri líknarþjónustu í heimahúsum**

Aðalfundur Krabbameinsfélags Íslands haldinn þann 5. maí 2018 skorar á heilbrigðisyfirvöld að tryggja þeim sjúklingahópi sem þarfnast sérhæfðrar líknarþjónustu í heimahúsum öruggt aðgengi að þjónustu til framtíðar. Áframhaldandi öruggt aðgengi skiptir sköpum um lífsgæði sjúklinganna og aðstandenda þeirra. Óvissa um framboð þjónustunnar til framtíðar er sérstaklega til þess fallin að valda afar viðkvæmum hópi fólks óöryggi, kvíða og vanlíðan.

### **Íslensk krabbameinsáætlun**

Krabbameinsáætlun með skilgreindum markmiðum um forvarnir, greiningu, meðferð, endurhæfingu og líkn er lykilatriði í því að ná tilætluðum árangri í baráttunni gegn krabbameinum. Reynsla frá öðrum löndum staðfestir það.

Aðalfundurinn ítrekar enn á ný áskoranir sínar til heilbrigðisyfirvalda um að ljúka þeirri vinnu sem hafin er við íslenska krabbameinsáætlun svo að stefnumótun og framkvæmd geti tekið mið af henni, tryggt framþróun og skapað stöðugleika til framtíðar. Krabbameinsfélag Íslands er tilbúið til að leggja yfirvöldum lið í þeirri vinnu.

### **Forvarnir gegn krabbameinum**

Þriðjungur Íslendinga greinist með krabbamein einhvern tíma á lífsleiðinni og nýleg könnun sýnir að 80% þjóðarinnar eiga nákominn ættingja eða vin sem greinst hefur með krabbamein. Staðreyndin er sú að hægt er að koma í veg fyrir fjölda krabbameina. Þar skipta heilbrigðir lífshættir mestu máli og því er mikilvægt að setja heilsueflandi og fyrirbyggjandi þætti í öndvegi í nærsamfélagi fólks.

Aðalfundur Krabbameinsfélagsins skorar á stjórnvöld að beita sér fyrir forvörnum gegn krabbameinum sem felast meðal annars í hvatningu til heilbrigðra lífshátta. Mikilvægt er að yfirvöld sýni frumkvæði og stuðli þannig að því að færri greinist með krabbamein, samfélaginu öllu til hagsbóta.

Skorað er á stjórnvöld að gefa lýðheilsu meira vægi með því meðal annars að:

- banna reykingar á opinberum svæðum
- hvetja til betri nýtingar svæða sem ætluð eru til hreyfingar og útivistar
- hvetja til frekari hreyfingar hjá börnum með því að gefa hreyfingu meira vægi í skólastarfi
- bjóða upp á hollan mat í leik- og grunnskólum og mótuneytum á vegum hins opinbera
- auðvelda einstaklingum sem búa við þröngan efnahag að stunda fjölbreytta hreyfingu

### Endurhæfing alla leið

Á hverju ári greinast um 1600 manns með krabbamein og þeim fer fjölgandi með hækkandi aldri þjóðarinnar. Á Íslandi eru í dag um 15.000 manns á lífi sem greinst hafa með krabbamein og þeim fjölgar stöðugt með batnandi greiningar- og meðferðarmöguleikum. Jafnframt lifa margir með aukaverkanir og fylgikvilla þungrar meðferðar eða krabbamein sem langvinnan sjúkdóm. Afar mikilvægt er að gera allt sem hægt er til að auka möguleika fólks á endurkomu til starfa og til að njóta sem mestra lífsgæða þrátt fyrir veikindi og afleiðingar þeirra.

Aðalfundur Krabbameinsfélags Íslands 2018 skorar á heilbrigðisyfirvöld að hafa forgöngu um hugarfarsbreytingu í samfélaginu með því að leggja fram stefnumótun og fjármagnaða aðgerðaráætlun varðandi endurhæfingu þeirra sem greinast með krabbamein, allt frá greiningu. Þannig getur Ísland markað sér sess meðal þeirra þjóða sem eru fremstar á þessu sviði.

### Skimun fyrir krabbameinum

Aðalfundur Krabbameinsfélags Íslands fagnar umræðu um mikilvægi skimunar og fyrirkomulag hennar enda er afar brýnt að skimun sé hagað með þeim hætti að hún þjóni hagsmunum almennings best.

Félagið hvetur konur á aldrinum 23 til 69 ára til að mæta í skimun þegar þær fá boð um það, því þannig er hægt að draga úr dauðsföllum af völdum krabbameina. Vinna þarf með öllum ráðum að því að auka þátttöku kvenna í skimun fyrir krabbameini í brjóstum og leghálsi. Brjóstakrabbamein er algengasta krabbamein íslenskra kvenna og með skimun er hægt að greina sjúkdóminn snemma og draga þannig úr dauðsföllum. Með skimun fyrir leghálskrabbameini hefur tekist að lækka nýgengi og draga verulega úr dánartíðni af völdum þess.

Aðalfundur Krabbameinsfélags Íslands 2018 skorar á stjórnvöld að gera lýðgrundaða skimun gjaldfrjálsa.

Krabbameinsfélagið hefur sinnt skimun fyrir krabbameinum áratugum saman með góðum árangri. Frá árinu 2013 hefur félagið sinnt verkefninu á grunni þjónustusamnings við Sjúkratryggingar Íslands sem framlengdur hefur verið til skamms tíma í einu. Slíkt fyrirkomulag skapar óvissu um framkvæmd skimunarinnar.

Aðalfundur Krabbameinsfélags Íslands haldinn 5. maí 2018 skorar á heilbrigðisyfirvöld að ganga þegar í stað til samninga við félagið um umsjón með lýðgrundaðri skimun til að minnsta kosti þriggja ára. Með því móti er unnt að vinna að aukinni þátttöku í skimun og framþróun hennar. Á meðan gefst stjórnvöldum gott tóm til ákvörðunar framtíðarfyrirkomulags skimunar fyrir krabbameinum í landinu.

**Sigríður Snæbjörnsdóttir fyrrverandi formaður Krabbameinsfélags Íslands** ávarpaði fundinn og ræddi um viðtal við Kristján Oddsson, fyrrverandi sviðsstjóra leitar sviðs og forstjóra KÍ um tíma, í fréttapættinum Kveik á RÚV 24. apríl sl. Þar sem fjallað var um Leitarstöðina og fjármál KÍ. Sigríður sagði þrjá fyrrverandi formenn KÍ, þau Jakob Jóhannsson, Sigrún Gunnarsdóttur og Sigríði Snæbjörnsdóttir hafa komið saman og skrifað yfirlýsingu vegna umfjöllunar Kveiks þar sem röngum fullyrðingum um fjármál félagsins er hafnað. Þessi yfirlýsing var send til Velferðarráðherra, Landlækni og forstjóra Sjúkratrygginga. Sigríður sagði að þeim hafi verið ráðlagt að senda yfirlýsinguna ekki út

Því það væri ekki hávaði úti í samfélaginu út af þessum þætti. Sigríður óskaði eftir að heyra afstöðu fundarmanna til málsins.

Sigurður Björnsson ræddi einnig um umfjöllun fréttapáttarins Kveiks og lagði til að aðalfundur Krabbameinsfélagsins mótmælti röngum fullyrðingum sem fram komu í þættinum og benda á að bókhald félagsins sé opið og Ríkisendurskoðun, Velferðarráðuneyti, Sjúkratryggingar Íslands og aðrir opinberir eftirlitsaðilar hafi haft eftirlit með fjármálum félagsins.

Árni Einarsson formaður Krabbameinsfélags höfuðborgarsvæðisins þakkaði fyrrverandi formönnum KÍ fyrir ályktunina og tók undir að túlka mætti þögn félagsins sem samþykki. Árni sagðist styðja að aðalfundurinn taki undir þá ályktun sem Sigríður Snæbjörnsdóttir hafði kynnt.

Árni sagði að frá þessum aðalfundi fækki aðildarfélögunum KÍ um eitt þar sem Krabbameinsfélag Hafnarfjarðar og Krabbameinsfélag Reykjavíkur væru horfin af sjónarsviðinu með sameiningu þeirra í eitt félag nú í vor. Árni sagðist telja að það skilaði sér í sterkara félagi og fleiri sóknarfærum.

Ragnheiður Haraldsdóttir sagðist fagna að aðalfundur KÍ vilji bregðast við og að aðalfundurinn gæti falið stjórn KÍ að álykta en að einnig væri sterkt ef Sigurður Björnsson bætist í hóp hinna þriggja fyrrverandi formanna KÍ sem standa að ályktuninni sem Sigríður Snæbjörnsdóttir kynnti, þá spannaði ályktunin yfir lengra tímabil í sögu félagsins.

Guðrún Agnarsdóttir taldi áhrifaríkara að fjórir fyrrverandi formenn skrifuðu undir ályktunina.

Sigrún Gunnarsdóttir fyrrverandi formaður KÍ kvaðst fagna því að Sigurður Björnsson bætist í hóp formannanna og taldi rétt að aðalfundur KÍ álykti einnig í málinu.

Jakob Jóhannsson sagði að yfirlýsingin hafi ekki farið til fjölmiðla heldur bara stofnana. Sterkast væri að aðalfundur KÍ kæmi sér saman um ályktun og að Sigurður Björnsson væri velkominn í hóp þeirra sem stæði af ályktuninni.

Halla Þorvaldsdóttir framkvæmdastjóri KÍ sagði málið vandmeðfarið. Þrátt fyrir augljósar rangfærslur í þættinum hafi félagið fengið þá ráðgjöf að ganga ekki hart fram í umræðunni sem sem flaug lágt í samfélaginu.

Fundarstjóri lagði til að formanni og framkvæmdastjóra KÍ verði falið fyrir hönd aðalfundar að setja saman ályktun byggða á þeim umræðum sem fram höfðu farið undir liðnum önnur mál. Tillaga fundarstjóra var samþykkt.

Formaður KÍ þakkaði tveimur fyrrverandi starfsmönnum félagsins, þeim Jónasi Ragnarssyni og Ragnheiði Haraldsdóttur fyrir þeirra störf og lýsti kjöri þeirra í Heiðursráð Krabbameinsfélagsins

Formaður þakkaði fundarmönnum fyrir samveruna og starfsmönnum fundarins sín störf og sleit fundi kl. 15.35.

Fundarritari: GUG